

## Keppnisandi<sup>1</sup>

**M**ikill keppnisandi ríkir milli íbúa blokkarinnar á Paragvæ-götu þar sem ég bý. Lengi snerist keppni íbúanna um hunda, ketti, kanarífugla eða páfagauka en mest framandi heimilisdýrin voru íkornar og skjaldbökur. Sjálfur átti ég fallegan þýskan fjárhund sem var litlu minni en íbúðin sem ég bjó í. Ég kallaði hann Jón litla eða *Josecito*. En, auk Jóns litla – og því má ekki gleyma – bjó ég með konu minni og fallegri könguló af tegundinni tarantúla.<sup>2</sup>

Dag einn, um níuleytið, þegar ég var að gefa gæludýrinu mínu að éta, birtist nágrenni minn úr íbúð 7 C sem ég hafði aldrei hitt áður. Einhverra hluta vegna bað hann um að fá dagblaðið lánað stundarkorn. Hann sýndi ekki á sér neitt fararsnið heldur stóð þarna dágóða stund með blaðið í hendinni. Hann virti köngulóna Geirþrúði fyrir sér algjörlega heillaður og það var eitthvað í augnaráði hans sem skefði mig: keppnisandinn.

Daginn eftir kallaði hann á mig til að sýna mér sporðrekann sem hann var þá nýbúinn að kaupa sér. Á ganginum heyrði vinnukonan úr íbúð 7 D samtal okkar um líf, venjur og fæðu köngulóa, sporðreka og blóðmaura. Og síðdegis sama dag keypti húsbóndi hennar sér krabba. Ekkert markvert gerðist í vikunni þar á eftir. Uns kvöld eitt að ég hitti nágranna minn af þriðju hæð – unga dauflega ljóshærða konu með tómlegt augnarád. Hún hélt á stórrigulri tösku með biluðum rennilás. Í gegnum rifurnar á rennilásnum sást í smátt höfuð tegu-eðlu.<sup>3</sup>

Um hádegisbil næsta dag, þegar ég kom heim úr búðinni, missti ég næstum pokana þegar ég kom auga á stóra mauraætu sem rölti að herbergi húsvardarins. Fjölmargir áhorfendur höfðu safnast þarna saman. Einn þeirra muldraði í hálfum hljóðum að mauraætur væru

1 Hólmfríður Garðarsdóttir þýddi. Úr bókinni *Cosas de vieja. Y otros 19 cuentos* (2011).

2 *Lycosa pampeana* er afbrigði tarantúluköngulóa sem finnst í Paragvæ og Argentínu.

3 Tegue-eðlur finnst víða í Argentínu og eru svartar og hvítar að lit.

í raun ekki alvöru bjarndýr. Kona lögfræðingsins var þarna stödd, hún varð undrandi á svip og hljóp titrandi af spenningi að íbúð sinni. Ég sá henni ekki bregða fyrir fyrir en nokkrum dögum síðar. Andlit hennar ljómaði og sjálfumgleðin skein af henni þar sem hún ritaði nafn sitt á móttökukvittun flutningsmannanna sem höfðu rétt í þessu afhent henni amerískan skógarbjörn.

Aðstæður mínar urðu óbærilegar. Nágrannarnir heilsuðu mér ekki lengur, slátrarinn treysti mér ekki og á hverjum degi mátti ég sitja undir móðgandi athugasemdum. Þegar konan hótaði loks skilnaði áttaði ég mig á því að mér var ekki samboðið að eiga þessa ómerkilegu *Lycosa pampeana* könguló deginum lengur. Þá gerði ég nokkuð algjörlega fordæmalaust. Ég tók lán hjá vinum mínum, hætti að reykja og dró stórlega úr allri neyslu. Þannig gat ég keypt þann fallegasta hlébarða sem hægt er að hugsa sér. Nánast samstundis reyndi nágranninn úr 7 C, sem alltaf fylgdi fast á hæla mér, að gera betur og keypti sér jagúar. Og þó að það virðist órókrétt þá tókst honum að ná yfirhöndinni.

Það sem mér leiðist hvað mest er að eiga við fólk sem skortir fagurfræðilega næmni, fólk sem skynjar ekki eiginleika hluta heldur metur þá einungis út frá umfangi. Enginn nágrannanna heillaðist af undraverðri fegurð hlébarðans: stærð jagúarsins blindaði þá. Þannig urðu nágrannar mínir, leiksoppar hins hégómagjarna eiganda jagúarsins, staðráðnir í að endurnýja dýraeign sína. Ég varð að viðurkenna að hlébarðinn minn veitti mér ekki sömu tign og áður.

Á meðan konan mín átti leynileg símtöl við ónefndan karlmann gerði ég mér grein fyrir að ég átti tveggja kosta vö. Án eftirsjár seldi ég húsgögnin, ísskápinn, þvottavélina og ryksuguna. Ég seldi meira að segja sjónvarpið. Að lokum seldi ég allt sem hægt var að selja og keypti gríðarstóra kyrkislöngu.<sup>4</sup>

En líf fátæka mannsins er erfitt: yfirburðastaða mín í blokkinni stóð einungis í þrjá daga.

Kyrkislangan mín eyðilagði gjörsamlega allt; setti allt úr skorðum og ögraði öllum samningum sem ríkt höfðu á milli íbúanna. Í hverri íbúðinni á fætur annarri fjölgaði ljónum, tígrisdýrum, górilla og krókódílum. Einhverjir héldu jafnvel

4 Anaconda-slöngur eru stærstu slöngur veraldar. Þær eru grænar að lit og finnast í Rómönsku Ameríku.

svört pardusdýr en slík dýr voru ekki einu sinni til í dýragarðinum. Í blokkinni bergmáluðu öskur, ýlfur og fnæs. Andvökunæturnar urðu margar því það reyndist ógerlegt að sofa í öllum hávaðanum. Óþefur af kattardýrum, prímmötum, skriðdýrum og jórturdýrum gerði okkur ómögulegt að anda að okkur loftinu innanhúss. Stórir sendiferðabílar komu með kjöt, fisk og grænmeti í tonnavís. Lífið í blokkinni við Paragvægötu var orðið stórhættulegt.

Eftir nokkurn tíma varð ég fyrir sérstæðri reynslu þegar ég steig inn í lyftuna. Þar var fyrir nágrannakona mín af þriðju hæð. Hún var á leið með Bengal-tígrið sitt í göngutúr um hverfið svo það gæti kastað af sér vatni. Þá rifjaðist upp fyrir mér myndin af eðlunni sem ég hafði séð bregða fyrir í gegnum bilaða rennilásinn. Mér hlýnaði um hjartaræturnar. Æ, hvað það var langt síðan lífið snerist um sporðdreka og krabba!

Að lokum rann upp sá tími að engum var lengur treystandi. Undir stingandi augnaráði íbúanna sápuþvoði húsvörðurinn tvíhyrnda nashyrninginn sinn á gangstéttinni fyrir utan blokkina, og síðan – eins og ekkert hefði í skorist – teymdi hann dýrið inn í íbúðina sína. Þetta var meira en nágranninn úr íbúð 5 A gat sætt sig við: einungis nokkrum tímum síðar gekk hann sigri hrósandi upp tröppurnar með flóðhest í taumi.

Blokkin er nú yfirfull og hálfónýt. Ég skrifa þessar línur uppi á þaki við frekar óþægilegar aðstæður. Öðru hverju kippist ég við þegar fíll íbúanna í 7 A, öskrar. Ég skrifa og gjói augum á úrið því á átta mínútna fresti verð ég að leita skjóls í rústum stigahússins svo blöðin mín eyðileggist ekki í vatnsstróknum frá hvalnum sem býr í íbúð 7 C. Ég finn einnig fyrir ákveðnu eirðarleysi þar sem ég skrifa þetta undir biðjandi augliti gíraffans úr íbúð 7 D. Hann teygir sig síendurtekið yfir þakskeggið og sníkir smákökur.